

Ed.

734. Nefndarátt

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumv. þetta er komið frá háttv. neðri deild.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. fella frv., en minni hl. getur fallist á, að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum, sem hann telur, að ekki megi hjá líða að gera á frv., ef það eigi að verða að lögum, og vill minni hl. því ekki láta undir höfuð leggjast að flytja nokkrar breytingar við það, þar sem vel gæti svo farið, að ella yrði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Leggur því minni hl. til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. grein. Greinin orðist þannig:

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innyfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Erlingur Friðjónsson.